Kópavogsbær

Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Bt. Björg Baldursdóttir, formaður

13.08.2026

Efni: Drög að nýjum reglum um húsnæði fyrir fatlað fólk

Eldri reglur Kópavogsbæjar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk voru samþykktar 5. maí 2011 í bæjarráði og byggja á lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Núgildandi lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi 2018 auk þess sem gerð var reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk árið 2016 (síðast breytt 2018). Í ljósi umtalsverðra breytinga sem hafa orðið í málaflokki fatlaðs fólks sl. 15 ár frá gerð síðustu reglna var tekin ákvörðun um að uppfæra ekki núgildandi reglur heldur hanna nýjar reglur frá grunni. Drög að nýjum reglum byggja á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.

Í núgildandi reglum er fjallað um húsnæðisúrræði og sérstakan stuðning á heimili en í nýjum reglum er fjallað um sértækt húsnæði og húsnæði með stuðningi sem passar betur við orðnotkun samtímans. Umsóknarskilyrði eru orðin nákvæmari og umsóknarferlinu er lýst í meiri smáatriðum, t.d. hvaða gögn þurfa að fylgja, hvernig mótaka umsókna fer fram og hvernig brugðist er við ófullnægjandi umsóknum.

Mikilvægt er að inn í reglum um húsnæði fyrir fatlað fólk sé fjallað um biðlista og forgangsröðun. Í núgildandi reglum er aðeins nefnt að umsókn fari á biðlista en í drögum að nýjum reglum er fjallað um formlegan biðlista, forgangsröðun á grundvalli mats, upplýsingaskyldu sveitarfélagsins til umsækjanda á biðtíma, reglulegt endurmat og sérstakt úthlutunarferli. Þetta eykur gagnsæi og fyrirsjáanleika og er mikilvægt ef horft er til upplýsinga- og frumkvæðisskyldu sveitarfélaga í málaflokki fatlaðs fólks. Þá er einnig skýrt betur ferlið sem á sér stað við úthlutun húsnæðis, hvernig boð um búsetu eru veitt, svarfrestur og afleiðingar þess að húsnæði sé ítrekað afþakkað. Ef umsækjandi þiggur húsnæði er fjallað um ferlið sem fer þá af stað og skilgreind lykilhugtök eins og húsaleigusamningur, búsetusamningur og þjónustuáætlun. Það aðgreinir betur húsnæðishliðina og þjónustuna.

Í samræmi við aðrar reglur velferðarsviðs er meðferð og varðveisla gagna betur skilgreind ásamt skýrum málsmeðferðarkafla.

Í stuttu máli má því segja að meginbreytingin með nýjum reglum er að reglurnar fara úr því að vera stutt lýsing á þjónustu og umsóknarferli yfir í að vera heildstæðar stjórnsýslureglur um húsnæði fyrir fatlað fólk.

Lagt er til að drögum að nýjum reglum um húsnæði fyrir fatlað fólk verði vísað til umsagnar í notendaráði í málefnum fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst,
Anna Guðrún Halldórsdóttir
Teymisstjóri ráðgjafarteymis fullorðinna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026